

Nýsköpunarnet Vesturlands ses.
Ársreikningur 2022

Óendurskoðaður ársreikningur
Nýsköpunarnet Vesturlands ses.
Bjarnarbraut 8
310 Borgarnesi

Kt. 650522-0280

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra	3
Áritun endurskoðanda	4
Rekstrarreikningur	5
Efnahagsreikningur	6
Sjóðstreymisyfirlit	7
Skýringar	8

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Nýsköpunarnet Vesturlands ses. var stofnað á árinu 2022 og er tilgangur þess að vera samráðs- og samstarfsvettvangur einstaklinga, fyrirtækja, sveitarfélaga, skóla á háskóla- og framhaldsstigi, stofnana, hagsmunahópa og sveitarfélaga á sviði atvinnuþróunar, nýsköpunar og þróunarstarfs, menntunar, rannsókna og skapandi greina. Félagið sinnir miðlun upplýsinga til þeirra sem eru aðilar að starfseminni, aðstoðar við úrlausn verkefna og umsókna um styrki.

Rekstur ársins 2022

Á nýliðnu stofnári félagsins var rekstur þess óverulegur að umfangi. Af innheimtum framlögum á árinu eru 4,0 millj. kr. færðar til tekna.

Eigið fé félagsins í árslok 2022 samanstendur af stofnfé að fjárhæð 1,5 millj. kr.

Stjórn og framkvæmdastjóri Nýsköpunarnets Vesturlands ses. hafa í dag rætt ársreikning félagsins fyrir árið 2022 og staðfest hann með undirritun sinni. Stjórn og framkvæmdastjóri leggja til við aðalfund að samþykkja ársreikninginn.

Borgarnesi, 6. júní 2023

Stjórn:

Framkvæmdastjóri:

Áritun endurskoðanda

Til stjórnar Nýsköpunarnets Vesturlands ses.

Við höfum aðstoðað við gerð ársreiknings Nýsköpunarnets Vesturlands ses. fyrir árið 2022 byggt á þeim upplýsingum sem stjórn og framkvæmdastjóri félagsins hafa lagt fram. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisyfirlit, upplýsingar um mikilvægar

Við höfum skipulagt og hagað vinnu okkar í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRS 4410, sem fjallar um aðstoð við gerð ársreiknings.

Við höfum notað sérfræðiþekkingu okkar á sviði reikningsskila og ársreikningagerðar til að aðstoða félagið við að leggja fram ársreikning í samræmi við lög um ársreikninga. Við höfum fylgt fyrirmælum siðareglna, þar á meðal grundvallarreglunum um heilindi, hlutlægni, faglega hæfni og varkárni.

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir ársreikningnum og nákvæmni og heild þeirra upplýsinga sem hann byggir á.

Þar sem aðstoð við gerð ársreiknings felur ekki í sér staðfestingavinnu er þess ekki krafist að við staðfestum nákvæmni eða heild þeirra upplýsinga sem stjórn og framkvæmdastjóri hafa lagt fram. Við höfum hvorki endurskoðað né kannað ársreikninginn og látum því ekki í ljós álit á honum.

Borgarnes, 6. júní 2023

KPMG ehf.

Rekstrarreikningur árið 2022

	Skýr.	2022
Rekstrartekjur		
Innheimt framlög	5	<u>4.000.000</u>
		<u>4.000.000</u>
Rekstrargjöld		
Skrifstofu og stjórnunarkostnaður		<u>4.043.169</u>
		<u>4.043.169</u>
Rekstrartap fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	(43.169)
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld		
Vaxtatekjur		4.116
Fjármagnstekjuskattur	(906)
		<u>3.210</u>
Tap ársins	8	<u>(39.959)</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2022

	Skýr.	2022
Eignir		
Viðskiptakröfur		20.000
Handbært fé		1.440.041
	Veltufjármunir	1.460.041
	Eignir samtals	<u>1.460.041</u>
Eigið fé		
Stofnfé	7	1.500.000
Ójafnað eigið fé		(39.959)
	Eigið fé 8	1.460.041
	Skuldir samtals	<u>0</u>
	Eigið fé og skuldir samtals	<u>1.460.041</u>

Sjóðstreymisyfirlit árið 2022

	Skýr.	2022
Rekstrarhreyfingar		
Tap ársins	8	(39.959)
Veltufé til rekstrar		<u>(39.959)</u>
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:		
Skammtímakröfur, hækkun		(20.000)
Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda		<u>(20.000)</u>
Handbært fé til rekstrar		<u>(59.959)</u>
Fjármögnunarhreyfingar		
Innborgað stofnfé	8	1.500.000
Fjármögnunarhreyfingar		<u>1.500.000</u>
Hækkun á handbæru fé		1.440.041
Handbært fé í ársbyrjun		<u>0</u>
Handbært fé í árslok		<u>1.440.041</u>

Skýringar

1. Félagið

Nýsköpunarnet Vesturlands ses. var stofnað á árinu 2022 og er tilgangur sjálfseignastofnunarinnar hennar að vera samráðs- og samstarfsvettvangur einstaklinga, fyrirtækja, sveitarfélaga, skóla á háskóla- og framhaldsstigi, stofnana, hagsmunahópa og sveitarfélaga á sviði atvinnuþróunar, nýsköpunar og þróunarstarfs, menntunar, rannsókna og skapandi greina. Lögheimili sjálfseignastofnunarinnar er að Bjarnarbraut 8, 310 Borgarnesi.

Reikningsskilaaðferðir

2. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum. Ársreikningurinn er gerður og birtur í íslenskum krónum.

3. Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar niður til að mæta almennri áhættu sem fylgir kröfueign sjálfseignastofnunarinnar, en hér er ekki um endanlega afskrift að ræða. Annars vegar er um að ræða niðurfærslu vegna krafna sem sérstaklega hafa verið metnar í tapsáhættu og hins vegar niðurfærslu til að mæta almennri áhættu. Niðurfærslan er dregin frá viðskiptakröfum í efnahagsreikningi.

4. Handbært fé

Handbært fé samanstendur af óbundnum bankainnstæðum og innstæðum sem bundnar eru til skemmri tíma en þriggja mánaða.

5. Innheimt framlög

Innheimt framlög greinast þannig:

2022

Innheimt framlög 4.000.000

7. Stofnfé

Stofnfé samkvæmt samþykktum (skipulagsskrá) sjálfseignarstofnunarinnar nemur 1,5 millj. kr.

8. Yfirlit eiginfjárreikninga

	Stofnfé	Ójafnað eigið fé	Samtals
Innborgað stofnfé	1.500.000	0	1.500.000
Tap ársins		(39.959)	(39.959)
Eigið fé 31.12.2022.....	1.500.000	(39.959)	1.460.041

Sundurliðanir

2022

Annar rekstrarkostnaður

Rekstur tölvukerfis	33.133
Banka- og innheimtukostnaður	10.036
Stofnkostnaður	131.000
Þjónustusamningur SSV	3.869.000
	<hr/>
	4.043.169